

INNGANGUR

menning, -ar, -ar KV **1** þroski mannlegra eiginleika mannsins, þjálfun mannsins, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf, sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum), *menningar-arfur, -erfð, -líf, íslensk m., þjóðleg m., verkm.*; *menningarstig, m. á lágu stigi.* **2** rótgróinn háttur, siður: *umgengnism., umferðarm., menningar-blær, -bragur;* *einnig um líkamsmennt: líkamsmenning.* **3** manndómur: *hafa menning[u] [í sér] til e-s.* **4** mannaflí, mannskapur. **5** það að koma e-m til manns.¹

Í bókinni *Íslensk menningarpólitík* telur Bjarki Valtýson upp fjórar mismunandi skilgreiningar á menningu. Húmaníska skilgreiningu, mannfræðilega skilgreiningu, þjóðernislega skilgreiningu og stafræna. Með húmanískri skilgreiningu er átt við menningu sem tæki til að rækta menntaða og fagaða einstaklinga. Skilgreining sem hefur í för með sér skiptingu í góða og slæma list - eftir inntaki verka og smekk hvers og eins. Samkvæmt mannfræðilegu skilgreiningunni er menning altumlykjandi umhverfis okkur og allt sem við gerum. Notkun þess, sem varð töluvert vinsæl á Norðurlöndum 7. áratugarins var upphaflega ætlað að „dreifa jákvæðum áhrifa lista og menningar til allra þjóðfélagsþrepa samfélagsins“². Samkvæmt þjóðernislegu menningarskilgreiningunni er menning tengd þjóðerni og bundin sjálfsmynd almennings og þjóðar. Samkvæmt þjóðerniskilgreiningum er tungumálið meginþema í allri menningu - í senn sameiningarafi og mótandi. Fjórða flokkinn skipar svo stafræn menning og vísar í þá byltingu sem varð í menningarviðmóti með tilkomu internetsins og margmiðlunar, bæði er varðar aðgengi að menningunni, tækifæri til sköpunar og endurvinnslu - möguleikum fólks á að stýra sinni menningarupplifun og sköpun sjálf. Samkvæmt Bjarka hafi stafrænan hinsvegar ekki náð samþykkri stöðu á opinbera sviðinu og séu því þrjár fyrstnefndu skilgreiningarnar, sú húmaníska, sú mannfræðilega og sú þjóðernislega ráðandi í stefnumótun um menningu, þrátt fyrir innri togstreitu þeirra.³

Þegar kemur að menningarstjórnun út frá því mótsagnakennda hlutverki sem menningu er ætlað eru leiðirnar enn fremur misjafnar, allt frá því hafa engin ríkisafskipti af listum og

¹ Árni Björnsson, *Íslensk orðabók*, 2. útgáfa, Mál og menning, Reykjavík, 1993, bls. 637.

² Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, Nýhil, Reykjavík, 2011, bls. 20.

³ Sama heimild, bls. 19-23.

menningu og treysta þar með á hæfni listamanna til að koma list sinni á framfæri yfir í kerfi þar sem listamenn eru háðir ríkisvaldinu upp á lífsafkomu og að ná eyrum almennings. En hæfnismódelið getur þó verið alveg jafn hættulegt og andstæða þess, þar sem listamenn verða þá upp á náð og miskunn markaðsafla komnir. Samkvæmt Bjarka er það kerfi sem er hér á landi blanda af svoköllu velunnaramódeli og arkitektamódeli. Í Velunnaramódeli styrkir ríkisvaldið listir og menningu og beitir svokölluðu seilingarfjarlægðarlögmáli til að dreifa þeim fjármunum. Þeir sem dreifa styrkjunum eru þá í seilingarfjarlægð frá hinum pólitísku valdhöfum, en nefndirnar hinsvegar oft pólitískt skipaðar. Arkitektamódelið er í raun mjög sambærilegt velunnaramódeli en nefndirnar oftast en ekki skipaðar af fulltrúm listamanna frekar en pólitískum fulltrúum.⁴

AF HVERJU ERUM VIÐ MEÐ LISTIR OG MENNINGU?

Í október síðastliðnum var lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um menningarstefnu. Var þetta í fyrsta sinn sem sérstök stefna íslenska ríkisins á sviðum menningar og lista var lögð fyrir Alþingi. Fyrsti kafli menningarstefnunnar ber heitið Menningarþáttaka. Þar kemur fram að aðgengi að menningu sé mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi, menningarstarf styrki þekkingarleit og nýsköpun í samfélaginu. Að aðgengi að menningu auki víðsýni og umburðarlyndi og þátttaka í menningarstarfi auki vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Þannig sé líklegt að þroski og færni borgaranna til samfélagslegrar þátttöku aukist.⁵

Í umræðum á þingi um þingsályktunina skiptust Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, og Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á skoðunum um ályktunina í víðara samhengi. Illugi spyr „Hvers vegna erum við tilbúin til að setja skattþeninga til þess að styðja við listastarfsemi? Hvers vegna erum við tilbúin til þess?“⁶ Katrín svarar þessu m.a. með vísan í kaflann um menningarþátttöku og þó listin skapi

⁴ Sama heimild, bls. 59-62.

⁵ „Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu“, 196. mál þingsályktunartillaga 141. löggjafarþingi 2012—2013, Alþingisvefur, 16. október 2012, sótt 17. febrúar 2013, <http://www.althingi.is/altxt/141/s/0199.html>.

⁶ Illugi Gunnarsson

fjölda starfa, sé listin og menningin þó fyrst og fremst mikilvæg sjálfs sín vegna.⁷

Fólk sem elst upp við margháttaða menningu lærir um leið mjög margt annað og verður líklega betri manneskjur. Þeir sem ég hitti erlendis og taka þátt í starfi að menningarmálum verða alltaf jafnhlessa þegar ég útskýri fyrir þeim íslenska orðið menning, þ.e. að verða mennskur, og finnst það algjörlega frábært orð og telja að það hljóti að vera skýringin á því af hverju við eigum svona blómlegt menningarlíf, að þarna höfum við náð essensinum í menningunni.⁸

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

Við tölum um það við sérstök tækifæri að menningin hafi eitthvert gildi. Að listin sé hreyfiafl. Hafi áhrif út í samfélagið. Hjálpi okkur að sjá fegurðina í veröldinni. Samhengið. Tilfinningarnar. Að listamenn hafi ákveðið hlutverk. Skyldu, jafnvel ábyrgð. *Að ala upp þúblikum.*⁹ Að benda á keisarann, að pota í keisarann. Að pota í okkur sjálf. Meinum við eitthvað með þessu?

Þann 16. október 2012 var lagt fyrir Alþingi ríkisstjórnarfrumvarp til sviðslistarlaga.¹⁰ Frumvarpinu var ætlað að leysa af hólmi Leiklistarlög frá árinu 1998 og var markmið frumvarpsins að „efla íslenskar sviðslistir, kveða á um skipan og fyrirkomulag og búa þeim hagstæð skilyrði.“¹¹ Í athugasemdum við 3.gr frumvarpsins má finna eftirfarandi klausu „Lögd er áhersla á að verkefnaval sé fjölbreytt þannig að starfsemi leikhússins höfði til breiðs hóps áhorfenda, en með þessu er þó á engan hátt verið að draga úr listrænum metnaði leikhússins“.¹²

Í þessari ritgerð verður reynt að varpa ljósi á þá hugmyndafræði sem liggur að baki

⁷ Katrín Jakobsdóttir, Menningarstefna, 196. mál þingsályktunartillaga 141.

löggjafarþingi 2012—2013: fyrri umræða, 16. október 2012, sótt 13. febrúar 2013, slóðin er: <http://www.althingi.is/raeda/141/rad20121016T183056.html>.

⁸ Sama heimild.

⁹ Vísun í frægri grein eftir Odd Björnsson leikritaskáld þar sem hann gagnrýndi ráðandi öfl í leikhússamfélaginu fyrir metnaðarleysi. Sagði það vera hlutverk leikhússins að ala upp þúblikum - að þroska og rækta áhorfendur sína.

¹⁰ "Frumvarp til sviðslistalaga", 199. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013, Alþingisvefur, 5. október 2012, sótt 17. febrúar 2013, <http://www.althingi.is/alttext/141/s/0202.html>.

¹¹ Sama heimild.

¹² Sama heimild.

Þessari setningu. Í þessari setningu má finna ákveðna andstæðupörun. Annarsvegar fjölbreytt verkefnaval sem höfði til breiðs hóps áhorfenda og hinsvegar listrænan metnað. Að baki þessari athugasemd liggur sú hugsun að fjölbreytt verkefnaval sem höfði til breiðs hóps áhorfenda sé, eða í það minnsta geti, á einhvern hátt verið, andstætt hugmyndinni um listrænan metnað. Til að greina þá hugmyndafræði sem liggur þarna að baki verður annarsvegar litið til uppgangs og áhrifa frjálshyggjunnar og hvernig hún mótað hefur tungumál og hugsun hér á landi eins og annarstaðar. Litið verður til þeirra breytinga sem urðu á viðhorfum til ríkisreksturs og hlutverka ríkisfyrirtækja sem leiddu til einkavæðingar ríkisfyrirtækja á árunum 1995-2003 og þær kenningar sem bjuggu þar að baki. Hinsvegar verður krafan um listrænan metnað sett í samhengi við kröfu frjálshyggjunnar um fjárhagslega arðsemi af ríkisrekstri með hliðsjón af kenningum Pierre Bourdieu um táknrænt auðmagn.

UM HUGMYNDAFRÆÐI

Með því orði á ég við samtengt safn hugmynda og hleypidóma sem öðlast hefur valdastöðu í mannfélaginu og hvetur fólk til að horfa á heiminn og haga sér á ákveðinn hátt. Hugmyndafræði í þessum skilningi á sér ekki ákveðna talsmenn eins og tiltekin stjórnmalaskoðun eða fræðikenning sem borin er fram í ræðu og riti af hugsandi einstaklingum. Hugmyndafræði styðst ekki við rök heldur það sem segir sig sjálf og ekki þarf að ræða eða rökstyðja.

Þannig kyndir hún undir hugsunarleysi, enda aðhyllumst við yfirleitt ekki hugmyndafræði af fúsum og frjálsum vilja, heldur fylgjum henni í blindni og án þess að velta henni fyrir okkur.¹³

Páll Skúlason

Að mati franska heimspekingsins Jean Paul Sartre hafði marxísk nálgun á samfélagið náð stöðu ráðandi hugmyndafræði á vesturlöndum upp úr miðri öldinni. Þátt fyrir að marxismi væri ekki ríkjandi stjórnmalastefna á vesturlöndum vildi hann meina að sú marxíska sýn að samfélagið mætti útskýra út frá átökum eigenda framleiðslutækja og alþýðu væri ráðandi í sýn manna á eigið samfélag. Þannig skiptust stjórnmalaflokkar í hægri og vinstri flokka og kjósendur röðuðu sér í fylkingar eftir því hvort þeir tækju afstöðu með vinnuveitendum eða launþegum. Að mati Páls Skúlasonar varð breyting þar á 7. áratug 20. aldar þegar frjálshyggjan ruddi sér til rúms.¹⁴ Því þrátt fyrir að vesturlönd hafi aðhyllst frjálssa samkeppni var hugmyndin um ríkið sem rekstraðila stofnana og fyrirtækja sem störfuðu í þágu almennings nokkuð almenn. Í Evrópu var almenn sátt um að ríkið bæri ábyrgð á og ræki starfsemi sem nauðsynleg væri fyrir gangvirki samfélagsins. Þessi fyrirtæki voru ekki rekin með það að markmiði að skila fjárhagslegum arði heldur var hugsunin sú að þau myndu skila margvíslegum öðrum hagnaði.

Í greini sinni Menning og Markaðshyggja færir Páll Skúlason rök fyrir því hvernig hugmyndafræði markaðshyggjunnar hefði í raun yfirtekið öll önnur svið þjóðlífsins. Enn fremur bendir ennog bendir hann á takmarkanir markaðshyggjunnar sé hún yfirfærð á

¹³ Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, Skírnir: Tímarit hins íslenska bókmenntafélags, 182. ár, Vor 2008, bls. 8.

¹⁴ Sama heimild, bls. 10-11.

önnur svið þjóðfélagsins en að markaðnum sjálfum. Til dæmis rekur hann nokkrar mótsagnir sem skapast milli þess sem vill rækta menningu og þess sem vill efla frjálsan markað á sem flestum sviðum. Hann nefnir sem dæmi að sá sem vilji rækta menningu leggi allt kapp á samstöðu um grunnildi og sameiginlegan skilning svo menning fái þrifist á meðan markaðshyggjusinninn vilji umfram allt bæta eigin hag. Menningarsinninn líti svo á að við eigum að standa sameiginlega að varðveislu, miðlun og endursköpun menningararfsins á meðan markaðssinninn líti svo á að einstaklingurinn eigi að vera frjáls til að sinna þeim hluta menningar sem þeim sjálfum þóknist. Að menningarsinninn vilji efla og treysta samskipti fólks óháð viðskiptalegum hagsmunum þes á meðan markaðshyggjusinninn vilji skoða mannlega samskipti sem viðskipti þar sem hver reyni að hámarka eigin hagnað.¹⁵

FRÁ LÖGUM TIL ÞJÓÐLEIKHÚSS TIL SVIÐSLISTALAGA

Þann 16. október 2012 var frumvarp til nýrra Sviðslistarlaga lögð fyrir Alþingi. Lögin áttu að leysa af hólmi Leiklistarlög frá árinu 1998.¹⁶ Í raun má rekja tildrög þess frumvarps til Sviðslistarlaga sem lagt var fyrir Alþingi haustið 2013 allt til ársins 1947 þegar lög um Þjóðleikhús voru sett á laggirnar. Þjóðleikhús hafði þá verið í byggingu frá 1928 og var hugmyndin um Þjóðleikhús í raun samofin sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Í leikhúsi færi fram sviðsetning og mótun sjálfsmyndar þjóðar, og gæti þjóð vart talist þjóð meðal þjóða án Þjóðleikhúss. Tildrög laganna voru sú að Eysteinn Jónsson menntamálaráðherra skipaði þriggja manna nefnd til að undirbúa rekstur Þjóðleikhússins. Unnu nefndarmenn að þessu í hjáverkum í rúmlega viku. Í þeim lagaskrifum var byggt á þjóðnýtingarhugmyndum. Ríkið skyldi reka leikhúsið, ráða leikara og og nýta skemmtanaskatt til að jafna tekjuhalla á rekstrinum.¹⁷

Um þetta frumvarp sköpuðust nokkrar deilur og var það til að mynda sjónarmið Jónasar frá Hriflu að það væri „algert ranglæti að vilja fremur láta meiri hluta

¹⁵ Sama heimild, bls. 18.

¹⁶ "Frumvarp til sviðslistalaga", 199. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013, Alþingisvefur,

¹⁷ Jónas Jónsson frá Hriflu, *Þjóðleikhúsið: Þættir úr byggingarsögu*, Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík, 1953, bls. 93.

skemmtanaskattsins ganga til að greiða laun nokkurra tuga atvinnuleikara í Reykjavík en bæta úr sárri húspörf annarra kaupstaða og kauptúna"¹⁸ Lögin sem sett voru voru í gildi næstu þrjátíu árin. Það var ekki fyrr en 1978 sem þau voru endurskoðuð. Þjóðleikhúsið var enn eign íslensku þjóðarinnar en skerpt var á markmiðum og hlutverki þess.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.¹⁹

Árið 1998 eru lög er varða leiklistir endurskoðuð og *Leiklistarlög* og *Lög um Þjóðleikhús* sameinuð í *Leiklistarlög*. Þar eru lagarammi Þjóðleikhúss endurskoðaður, stytur en rýmkaður en hlutverk þess og markmið óbreytt. Í Leiklistarlögum frá 1998 var embætti fjármálafulltrúa fellt úr lögum, og ábyrgð með fjárhagslegum rekstri sett undir Þjóðleikhússtjóra. Enn fremur kemur orðið *fjárhagsáætlun* fyrir í tvígang, sem var nýmæli í lögum um Þjóðleikhús. Leiklistarlögin sköpuðu enn fremur lagagrundvöll fyrir fjárframlög til annarrar leiklistarstarfsemi en í Þjóðleikhúsinu og skipun leiklistarráðs.²⁰

FRUMVARP TIL SVIÐSLISTALAGA

Þann 16. Október 2013 lagði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra fram frumvarp til Sviðslistalaga. Markmið laganna var að „efla íslenskar sviðslistir, kveða á um skipan og fyrirkomulag og búa þeim hagstæð skilyrði.“²¹

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að ýmsar breytingar hafi orðið á starfsumhverfi sviðslista sem kallað hafi á endurskoðun. Starfsrammi stofnana hafi breyst, meira framboð á menntum hér heima og erlendis hafi gert það nauðsynlegt að „víkka út hugtakið leiklist til að ná til allra sviðslista þar sem m.a. listdansi hefur vaxið

¹⁸ Sama heimild, bls. 93.

¹⁹ 1978 nr. 58 Lög um Þjóðleikhús.

²⁰ "1998 nr. 138 Leiklistarlög.

²¹ "Frumvarp til sviðslistalaga", 199. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013, Alþingisvefur.

fiskur um hrygg.²² Löggjöfni var einnig ætlað að samræma löggjöf um sviðslistir til í samræmi við þær breytingar sem unnið hafi verið að á sviðum bókmennta, myndlistar og tónlistar. „enda auðveldar það stjórnslu, yfirsýn og samvinnu“.²³ Enn fremur segir að „meginmarkmið lagasetningarinnar“ sé að, skapa lagastoð fyrir Íslenska dansflokkinn, skjóta styrkum stoðum undir starfsemi sviðslistaráðs, rekstur sviðslistasjóðs og óperustarfsemi og að laga starfsramma Þjóðleikhússins að ríkjandi starfssviði. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins Um Þjóðleikhús kemur fram eftirfarandi setning. „Lögð er áhersla á að verkefnaval sé fjölbreytt þannig að starfsemi leikhússins höfði til breiðs hóps áhorfenda, en með þessu er þó á engan hátt verið að draga úr listrænum metnaði leikhússins.“²⁴ Í þessari setningu má finna ákveðna andstæðupörun. Annarsvegar fjölbreytt verkefnaval sem höfði til breiðs hóps áhorfenda og hinsvegar listrænan metnað. Að baki þessari athugasemd liggur sú hugsun að fjölbreytt verkefnaval sem höfði til breiðs hóps áhorfenda sé, eða í það minnsta geti, á einhvern hátt verið, andstætt hugmyndinni um listrænan metnað. Hvaðan kemur þessi hugmyndafræði?

FRJÁLSHYGGJAN

Á 7. áratug 20. aldar byrjar hreyfingu að vaxa hryggur um hrygg sem boðaði byltingu í hugarfari til hagfræði og ríkisreksturs. Þessi hreyfing hefur verið m.a. verið nefnd frjálshyggja, ný-frjálshyggja, markaðshyggja og Thatcherismi. En orðin lýsa í raun sama fyrirbærinu. Hugmyndafræði sem byggði á hagfræðilegum gildum byggðum á kenningum hagfræðinga eins og Adam Smith, Friedrich Hayek og Milton Friedman - til aðgreiningar frá hagfræðikenningum John Maynard Keynes sem höfðu verið ráðandi í vestrænni hagfræðipólítík frá forsetatíð Franklin Roosevelt á millistríðsárunum. Þessar hugmyndir voru róttækar og áttu eftir að leiða til hugarfarsbreytingu í ríkjandi hugsun og gildismati.²⁵

Þessar hugmyndir byggðu á frelsi einstaklingsins og vantrú á sameiginlega hagsmuni samfélags eða þjóðar. Að það væri ekki ríkisvaldsins að leysa vanda einstaklinga,

²² Sama heimild.

²³ Sama heimild.

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Collins, Sam, *Tory! Tory! Tory!: The road to Power*, heimildarmynd, Mentorn, London, 2006.

ríkisvaldið væri vandamálið. Að ríkið ætti að gera minna, einstaklingar að gera meira, að ríkið ætti að eyða minna, að einstaklingar ættu að eyða meira, að ríkið ætti að eiga minna, að einstaklingar ættu að eiga meira. Þessi hugmyndafræði var í raun bylting frá Keynesískri hagfræði sem hafði verið ríkjandi áratugin á undan, sem byggði á því að ríkið væri mikilvægt tæki til hafa stjórn á og efla hagkerfið.²⁶

Í hugum frjálshyggjumanna var ríkisvaldið kúgunartæki. Að ríkið ætti ekki að hafa annan tilgang en þann sem allir gætu verið sammála um.²⁷ Fræg eru orð Margaret Thatcher í því samhengi að það sé ekkert til sem heiti samfélag. Samfélag sé aðeins samansafn einstaklinga með mismunandi reynslu, mismunandi skoðanir og bakgrunn og sértækar lausnir tilhanda samfélagi manna væru í besta falli útópískar. Í hugum frjálshyggjumanna var ríkisrekstur sérstakt eitur í beinum. Að ríkisrekstur og ríkiseiga skapaði ábyrgðarleysi í fjármálum - einkaeiga væri líklegri til að skila hámarksarði en þjóðnýting.²⁸

Þessar hugmyndir þóttu á sínum tíma ansi róttækar, og þegar Margaret Thatcher verður forsætisráðherra Bretlands árið 1979 þjuggust fáir við þeim róttæku breytingum sem áttu eftir að eiga sér stað. Margaret Thatcher gerði breytingar. Hún fór fyrir miklum niðurskurði, lækkaði skatta, einkavæddi ríkisfyrirtæki og barðist fyrir afskiptaleyssistefnu í fjármálageiranum sem skapaði grundvöll fyrir mikið góðæri á 9. áratug seinustu aldar í Bretlandi. Um eiginlegt gildi góðærisins voru þó skiptar skoðanir. Stór hluti bættrar stöðu ríkissjóðs mátti rekja til olíuvinnslu í Norðursjó sem var farinn að skila gígantískum arði í ríkiskassann. Góðærið var enn fremur að miklu leyti byggt á lánsfé, og þrátt fyrir fyrirheit um annað hélst atvinnuleysi áfram hátt. Gífurlegur fjöldi missti vinnuna vegna niðurskurðar í námuvinnslu sem leiddi til hatrammra verkfallsdeilna milli námuverkamanna og ríkisvalds. Í öllu falli voru það ekki allir sem græddu á góðæri Thatcherismans. Af gagnrýnendum frjálshyggjunnar hefur hagfræðin sem þarna bjó að baki verið kölluð Brauðmolakenning, og lýst sem slíkri að eignatilfærslan frá samfélagi til einkaaðila ætti að vera öllum til hagsbóta sökum þess að af hlaðborðum þeirra ríku

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Friedman, Milton, *Frelsi og framtak*, Hannes H. Gissurarson þýddi, Almenna bókafélagið og Félag Frjálshyggjumanna, Reykjavík, 1982, bls. 11.

²⁸ Collins, Sam, *Tory! Tory! Tory!: The road to Power*.

myndu falla brauðmolar til almennings.²⁹

UPPGANGUR FRJÁLSHYGGJUNNAR Á ÍSLANDI

Hugmyndir um frjálshyggju óx fiskur um hrygg hér á landi á 8. áratug síðustu aldar. Rétt eins og í Bretlandi fyrir tíð frjálshyggjunnar rak ríkið fjölda fyrirtækja hér á landi. Hugsunin sem bjó að baki var sú að þessi fyrirtæki sinntu þjónustu í almannabágu og markmið þeirra væri ekki, og ætti ekki að vera, að skila hagnaði heldur að þjónusta almenning. Ungir menn innan Sjálfstæðisflokksins voru undir áhrifum frá Friedman og Hayek og stofnuðu meðal annars Félag frjálshyggjumanna og tímaritið Eimreiðina til að breiða út hugmyndafræðina. Það gerist síðan á tíunda áratug síðustu aldar, þegar einn þessara manna verður forsætisráðherra, Davíð Oddsson, að hugmyndafræði frjálshyggjunnar kemst í framkvæmd hér á landi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá árinu 1995 er boðað að arðsemiskröfur verði gerðar til ríkisfyrirtækja auk þess sem nefnd um einkavæðingu ríkisfyrirtækja er komið á laggirnar.³⁰ Í Skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna árið 2008 kemur fram að það hafi verið „kjarni hugmyndafræðinnar að krafta athafnamanna mætti ekki hefta, né þrengja svigrúm þeirra, með íþyngjandi regluverki og eftirliti”,³¹ auk þess sem vísað er í skýrslur Viðskiptaráðs þar sem stefnan hafi verið að fjármálamenn „öðlist sem mest sjálfðæmi um starfsemi sína”³². Leið stefnunnar frá því að vera talin róttæk jaðarstefna í það að verða ráðandi í orðræðu og hugmyndafræði var fyrst og fremst sú að grafa undan hugmyndinni um hið sameiginlega. Að almenningseiga á auðlindum þjóni ekki hagsmunum almennings heldur þvert á móti. Að til þess að skapa hámarksarðsemi til handa fjöldanum verði að gefa athafnamönnum sem lausastan tauminn til þess að skapa

²⁹ Marr, Andrew, *Andrew Marr's History of Modern Britain: Revolution!*, heimildarmynd, BBC, London, 2007.

³⁰ „Einkavæðing 1996-1999: Skýrsla”, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Maí 1999, sótt 15. febrúar 2013, slóðin er: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Einkavaeding/einkavaeding99.pdf>.

³¹ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 8. bindi, Rannsóknarnefnd Alþingis, Reykjavík, 2010, bls. 186.

³² Sama heimild.

verðmæti úr hæfileikum sínum og auðlindum.

TÁKNRÆNT AUÐMAGN

Karl Marx skilgreindi auðmagnseigendur sem þá sem byggju yfir fjármagni, réðu yfir framleiðslutækjunum og gætu í krafti auðs síns skapað mismun á viðskiptum og aukið arð sinn enn frekar. Pierre Bourdieu yfirfærði hugmyndir Marx um auðmagn yfir á fleiri rými samfélagsins en einungis efnahagsleg. Með því að gera rannsókn á smekkvísi ólíkra þjóðfélagsþópa í Frakklandi komst hann að því að smekkur og áhugi á listframleiðslu gegndi félagslegu hlutverki í samfélaginu.³³ Með smekk okkar og gildismati á listum gefum við til kynna stöðu okkur innan samfélagsins, hvar við stöndum innan þess og aðgreinum okkur frá öðrum. Bók sína byggða á rannsókninni kallaði hann Aðgreining (e. Distinction) til að gefa aukið vægi því sem hann kallaði aðgreiningargildi listar. Þeir sem tilheyra hinni menntuðu borgarastétt gefa það til kynna með því að hafa smekk fyrir verkum sem þykja hafa meiri listrænt gildi og listrænan metnað en þau listaverk sem hópar í lægri stigum þjóðfélagsins aðhyllast. Þannig hafnar hann alfarið huglægum mælikvörðum um listrænt gildi. Leiklistarhátíðin Lókal eða Amadeus Mozart hafi þar með ekkert meira listrænt gildi en farsakenndi söngleikurinn eða sönghópurinn Nylon nema vegna þess að þeir hópar sem eru auðugri og í sterkari valdastöðu í samfélaginu velja Lókal eða Mozart fram yfir söngleikinn. Til að útskýra merkingarleysu listræns gildis kemur hann með hugtakið *táknrænt auðmagn*, sem, rétt eins og auðmagn Marx, vísaði til skiptigildi hlutarins frekar en notagildi hans. Hann skiptir auðmagni í þrjá hluta, efnahagslegt auðmagn, félagslegt auðmagn, og menningarlegt auðmagn. Auðmagnið vísar til ákveðinna eiginleika, hluta eða smekks sem hafi gildi fyrir þær sakir að sá sem skilur, eða er fær um að nota, geti hafið sig yfir aðra í krafti þess. Bourdieu bendir á að notagildi listaverka sé það sama, að veita fólki ánægju sem hrífst af því, en skiptigildið sé hinsvegar allt annað. Þessum táknræna eiginleika megi líkja við gróða sem fölginn sé í því að sá sem ræður yfir verkinu geti hafið sig yfir aðra í krafti þess að vera fær um að

³³ Bourdieu, Pierre, *Distinction: A social critique of the judgement of taste*, Richard Nice þýddi, Routledge Kegan and Paul, London, 1986.

njóta þess og skila það og gera það þar með að sínu.³⁴

MÓTSÖGN

Á okkar dögum er einn stærsti vandi okkar sá að sameiginlegur félagshæimur okkar - sem er í reynd borinn af sameiginlegum stofnunum, siðum og hefðum - hefur lent í tómarími, vegna þess að opinber umræða snýst annaðhvort um efnahagsleg og tæknileg mál eða er bundin heimi einkalífs þar sem hver hreiðar um sig í sínum afmarkaða menningarheimi.³⁵ (Páll Skúlason, bls. 38)

Orðið hefur til mótsögn. Við viljum listrænan metnað í leikhúsi. En um leið lítum við á hann sem eitthvað sem stendur andspænis fjölbreytileika í verkefnavali. Við lítum svo á að listrænn metnaður sé eins og arðsemi af hverjum öðrum fyrirtækjarekstri. Í stað þess að markmiðið sé að skapa fjárhagsleg verðmæti sé markmiðið að skapa listrænt verðmæti - og fjölbreytileiki í verkefnavali - það að leikhúsið sé í almannapágu og eigi að stuðla og ýta undir mennsku, menningu og þroska þjóðarinnar - sé hinn listræni metnaður einhverskonar menningarlegt auðmagn sem hægt sé að skreyta sig með til upphafningar gagnvart þeim sem ekki búa yfir því. Að listrænn metnaður geti verið eitthvað annað en það að stuðla að mennsku, menningu og þroska þeirra sem í samfélagi búa. Eins og Joseph Stieglitz hagfræðingur hefur bent á eru örlög þeirra sem *eiga* óhjákvæmilega bundin örlögum þeirra sem *ekki eiga*. Að hans áliti er þetta lærdómur sem, í ljósi sögunnar, þeir sem *eiga* á endanum læra - en of seint. Sé þetta sett í samhengi við eigendur listræns auðmagns má segja að leikhúsið standi frammi fyrir hættu. Ef listamönnum þess takist ekki að „selja“ hinum *eignalaus* í menningarlegu tilliti - gildin í menningunni - neita sér um þá lífsvon að deila hinum menningarlegu gæðum (sem að mati listunnandans eru fólgin í skilningi á listum og menningu), með þeim sem *ekki eiga* er ríkisstyrkt menning í landinu í hættu. Listamenn þurfa að ákveða hvorum megin þeir vilja vera. Viljum listamenn og listunnendur deila menningarlegum auðlindum sínum með hinum sem *ekki eiga*? Eða vilja þeir taka sér stöðu með útgerðarmönnum, fólkinu í bönkunum og frjálshyggjumönnum á þeirri forsendu að það sé ekkert til sem heiti samfélag, og eiga leikhúsið og listirnar útaf fyrir sig? Við getum líka tekið þann pól í

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Páll Skúlason, bls. 38.

hæðina að allt talið í gegnum aldirnar um gildi lista og menningar hafi allan tímann verið stærilæti. En þá er spurning hvort ekki þurfi að skila listamannalauninum. Og Þjóðleikúsinu. Það var samt alveg ógeðslega gaman meðan á því stóð.

Út frá húmanískum og mannfræðilegum skilgreiningum á menningu getum við ýmist litið á Þjóðleikhúsið sem þjónustofnun fyrir þátttakendur sína, listamennina. eða sem þjónustustofnun fyrir viðskiptavinum sína - almenning. Ef Þjóðleikhúsið sé fyrir listamennina séu verðmæti listarinnar fólgið í henni sjálfri. Sköpuninni. Frelsinu sem sé fólgið í andanum. Ef svo er getum við spurt okkur hvað réttlæti það að sumir listamenn séu ríkisstyrktir og aðrir ekki? Af hverju listsköpun þurfi að vera í höndum sérfræðinga? Væri það algerlega fráleitt ef jólasýning Þjóðleikhússins væri í höndum starfsmanna Húsasmiðjunnar? Eða hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum? Myndi það ekki einmitt skapa listrænan metnað? Fjölbreytni? Er nauðsynlegt að sjá list fyrir sér sem flókin fræði, sem sé aðeins á færi hæfustu sérfræðinga? Ef gjöfin sem fólgin er í listsköpun er jafnmikil og listamenn vilja vera að láta - af hverju ættu þeir að eiga forgangsrétt á því að njóta hennar?

LOKAORD

Það er hlutverk leikhússins að ala upp públíkum. Sé stór hluti landsmanna á þeirri skoðun að fjárframlög til lista og menningar séu fjármunir kastað á glæ bendir það ótvírætt til þess að listamenn hafi ekki verið að vinna vinnuna sína. Þeim hefur mistekist að skapa list sem til höfðar til fólks - þeim hefur mistekist það hlutverk sem þeim er ætlað að rækta.

Að stuðla að „*menningarlífi þar sem mannskepnan hefur sig yfir búorgir sínar og glæðir líf sitt merkingu af andagift sinni og atorku, stefni á hin æðri mið.*“ Orsökina er ekki fólgin í innihaldsleysi og lágmenningu fjöldans - heldur er það einmitt sjúkdómseinkenni og afleiðing þess að listin og menningin hafi ekki tekist að ávarpa innihaldsleysið og lágmennunguna með vopnum sínum. Sá menningarsnaði er ekki andstæðingur Þjóðleikhússins - heldur mikilvægasti skjólstæðingur þess. Í markaðssamfélagi er menningarlegt ólæsi veikleikamerki einstaklings. Í samfélagi sem stefnir að því að vera

menningarsamfélag er menningarlegt ólæsi einstaklings helsta veikleikamerki hugmyndafræði þess sama samfélags. Slík veikleikamerki verðum við að gangast við og taka ábyrgð á ætlum við okkur að búa til menningarlegra samfélag handan markaðshyggju.

Ég tel ljóst að áhrif markaðshyggjunnar á hugarfar okkar og hugmyndafræði verði seint vanmetin. Ég tel til að mynda að þau áhrif birtist okkur oft í því hvernig gagnrýnendur á þessarar sömu tilhneigingu rýna í þessi áhrif. Að krafan um fjárhagslegan hagnað hafi aukist á öllum sviðum þjóðlífsins. Minni gaumur hafi hinsvegar verið gefinn þeim áhrifum markaðshyggjunnar sem ekki lítur að fjármunum með beinum hætti. Sú breyting frá því að líta á verðmæti, svosem menningarstofnanir, sem sameign samfélags sem eigi að skila annarskonar hagnaði fyrir samfélagið en fjárhagslegum yfir í það að líta svo á að menningarstofnanir og þeirra listamenn geti rekið sínar stofnanir eins og þeim sjálfum þóknist, út frá öllum sjónarmiðum öðrum en fjárhagslegum, þar sem skýr rammi afmarkar umsvif þeirra.

Heimildaskrá

- Árni Björnsson, *Íslensk orðabók*, 2. útgáfa, Mál og menning, Reykjavík, 1993.
- Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitik*, Nýhil, Reykjavík, 2011.
- Bourdieu, Pierre, *Distinction: A social critique of the judgement of taste*, Richard Nice þýddi, Routledge Kegan and Paul, London, 1986.
- Collyns, Sam, *Tory! Tory! Tory!: The road to Power*, heimildarmynd, Mentorn, London, 2006.
- „*Einkavæðing 1996-1999: Skýrsla*“, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Maí 1999, sótt 15. febrúar 2013, slóðin er:
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Einkavaeding/einkavaeding99.pdf>.
- Friedman, Milton, *Frelsi og framtak*, Hannes H. Gissurarson þýddi, Almenna bókafélagið og Félag Frjálshyggjumanna, Reykjavík, 1982.
- "Frumvarp til sviðslistalaga", 199. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013, Alþingisvefur, 5. október 2012, sótt 17. febrúar 2013,
<http://www.althingi.is/altext/141/s/0202.html>
- Jónas Jónsson frá Hriflu, *Þjóðleikhúsið: Þættir úr byggingarsögu*, Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík, 1953.
- Illugi Gunnarsson, Menningarstefna, 196. mál þingsályktunartillaga 141. löggjafarþingi 2012—2013: fyrri umræða, 16. október 2012, sótt 13. febrúar 2013, slóðin er:
<http://www.althingi.is/raeda/141/rad20121016T182100.html>.
- Katrín Jakobsdóttir, Menningarstefna, 196. mál þingsályktunartillaga 141. löggjafarþingi 2012—2013: fyrri umræða, 16. október 2012, sótt 13. febrúar 2013, slóðin er:
<http://www.althingi.is/raeda/141/rad20121016T183056.html>.
- Marr, Andrew, *Andrew Marr's History of Modern Britain: Revolution!*, heimildarmynd, BBC, London, 2007.
- Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, Skírnir: Tímarit hins íslenska bókmenntafélags, 182. ár, Vor 2008.
- Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 8. bindi, Rannsóknarnefnd Alþingis, Reykjavík, 2010.

„Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu", 196. mál þingsályktunartillaga 141.
löggjafarþingi 2012—2013, Alþingisvefur, 16. október 2012, sótt 17. febrúar 2013,
<http://www.althingi.is/altext/141/s/0199.html>.

Lagaskrá

1998 nr. 138 Leiklistarlög.

Brottfallinn lög

1978 nr. 58 Lög um Þjóðleikhús.